

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd,
sent á nefndasvid@nefndasvid.is

Ísafirði 29. maí 2020

Umsögn frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir, 707. mál.

Fjórðungssambands Vestfirðinga þakkar veittan frest til að skila umsögn um málið.


Fjórðungssamband telur að í ljósi efnahagsaðstæðna sé rétt að draga frumvarpið til baka. Í ljósi efnahagsaðstæðna sé óráð að tilgreina fleiri nýframkvæmdir samanber 1. gr frumvarpsins. Fjárhagur ríkissjóðs og sveitarfélaga hefur versnað mjög hratt. Aðgerðir sem nú er gripið til eru bráðaaðgerðir settar á til að forðast hrun atvinnuvega og gefa þeim færi á að aðlagast nýrri stöðu á útflutningsmörkuðum. Samtímis er boðað að rétta verði ríkissjóð af í kjölfarið.

Alþingi hefur samþykkt Samgönguáætlun 2019-2033 og Samgönguáætlun 2019-2023, þar eru tilgreindar mikilvægar framkvæmdir fyrir Vestfirðir. Framkvæmdir sem lengi hefur verið beðið eftir og eiga að koma stöðu vegakerfisins á Vestfjörðum loks á sambærilegan stað og aðrir landshlutar hafa haft um árabíl. Í ljósi afleiðinga efnahagsástand, hafa samfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum miklar áhyggjur að það kom bakslag í vegaf framkvæmdir líkt og í kjölfar hrunsins 2008.

Áhyggjur beinast einnig að því að þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir aðkomu ríkissjóðs að samvinnuverkefnum um vegaf framkvæmdir, þá muni þær hafa bein og óbein áhrif á stöðu verkefna í Samgönguáætlun til hins verra. Byggist það á því mati fjárhagsleg áhætta ríkissjóðs af samvinnuverkefnum aukist samfara hrúni í ferðapjónustu. Óvíst er hvort og þá hve lengi takist að byggja atvinnugreinina upp og þar með eru forsendur samvinnuverkefna um vegaf framkvæmdir í mikilli óvissu. Fari verkefni í þrot á framkvæmdatíma mun verða kallað eftir aðkomu ríkissjóðs og hið sama mun gilda ef rekstur verkefnanna gengur ekki upp. Fordæmin fyrir aðkomu ríkissjóðs, þegar verkefni fara fram úr áætlun, er að finna við framkvæmdir við Vaðalheiðargöng og jarðgöng undir Húsavíkurhöfða. Guldu aðrir landshlutar þar fyrir.

Ekki er þó fram hjá því litið að lágt vaxtastig og lágt atvinnustig ættu að leiða til lægri framkvæmdakostnaðar við samvinnuverkefni. Vestfjarðastofa metur þar sem svo að það nægi ekki til að mæta forsendubresti í umferð. Stjórnvöld ættu fremur að nýta þessar aðstæður og taka lán, til að fara í viðamikil verkefni í endurbótum og viðhaldi á núverandi vegakerfi. Þar með væri ekki verið að endurtaka sömu mistök í framhaldi hrunsins 2008 með niðurskurði í þessum eignum með afleiðingum sem enn er verið að glíma við.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.